



Fundargerð

18. mars 2016

Fundargerð stjórnar Rauða krossins á Íslandi

Fundurinn er númer 15 hjá núverandi stjórn og númer 998 frá upphafi.

Viðstaddir: Sveinn Kristinsson, Helgi Ívarsson, Gísli Friðriksson, Hrund Snorradóttir, Margrét Vagnsdóttir, Oddrún Kristjánsdóttir, Ívar Kristinsson, Halldór Valdimarsson, Ragna Árnadóttir og Þóra Björk Nikulásdóttir. Sigrún Árnadóttir og Jónas Sigurðsson boðuðu forföll. Kristín S. Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri, og Dögg Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Gengið til dagskrár kl. 16.14.

Formaður bauð stjórnarmenn velkomna.

1. Fundargerð framkvæmdaráðs frá 11. mars

Samþykkt.

2. Fundargerð stjórnarfundar frá 5. febrúar

Samþykkt.

3. Nýr fjármálastjóri

Nýr fjármálastjóri, Arna Harðardóttir, kom inn á fundinn og kynnti sig. Stjórnin bauð Örnunni velkomna til starfa með óskum um góðu gengi.

4. Ársuppgjör fyrir árið 2015, endurskoðun fjárhagsáætlunar 2016

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri kynntu drög að fjárhagsáætlun 2016, sem vonandi verður hægt að samþykkja á aprílfundi stjórnar. Vinna stendur yfir til að ljúka árinu 2015 og kynnti fjármálastjóri spána fyrir árið.

5. Endurskoðun stefnu 2020

Atli Viðar Thorstensen, sviðsstjóri hjálpar- og mannúðarsviðs, kom inn á fundinn og kynnti tillögur í tengslum við endurskoðun stefnunnar 2020. Engar róttækar breytingar í bígerð en vegna mikilla breytinga í flóttamannamálum og auknum fjölda innflytjenda í landinu er gerð tillaga um dálitlar breytingar á textanum. Stjórn samþykkti að leggja tillögurnar fyrir aðalfund félagsins í maí.

Atli kynnti einnig drög að endurskoðaðri áætlun um komu flóttamanna og hælisleitenda til landsins. Áætlun um að 600-1000 flóttamenn komi til landsins í ár. Hefur í för með sér ákveðnar áskoranir eins og neikvæða umræðu, stuðningur við flóttafólk, fleiri virkniúrræði, fleiri sjálfboðaliðar og vistunarúrræði.

Jón Brynjar Birgisson, sviðsstjóri neyðarvarnarsviðs, kynnti viðbragðsáætlun ef flóttamönnum fjölgar mjög í landinu og vistunarúrræði yfirvalda breyta. Þá hefur Rauði krossinn samningsbundnar skyldur um að opna fjöldahjálparstöðvar til að taka á móti miklum fjölda flóttamanna.

Atli, Jón Brynjar og Arna viku af fundi.

6. Undirbúningur aðalfundar 2016

Guðný H. Björnsdóttir, sviðsstjóri deildapjónustu, kom inn á fundinn og fór yfir undirbúning fyrir aðalfund félagsins í maí. Kjörnefnd hóf störf í janúar og mun væntanlega ljúka störfum fljótlega í apríl. Tillögur að lagabreytingum þurfa að berast landsskrifstofu í síðasta lagi núna um helgina. Dagskrá aðalfundarins þarf að liggja fyrir fljótlega.

Guðný greindi einnig frá því að samstarfssamningur hafi verið undirritaður í dag við Landssamband félaga eldri borgara um verkefni, eins og símvini. Verður prufukeyrt í Kópavogi fyrst um sinn.

Guðný vék af fundi.

7. Tillögur frá laganefnd

Formaður kynnti tillögur frá laganefnd varðandi breytingu á lögum félagsins á aðalfundinum í maí. Formaður, varaformaður, framkvæmdastjóri og sviðsstjóri deildapjónustu munu ræða tillögurnar nánar á fundi í næstu viku.

Hrund vék af fundi kl. 17.39.

8. Málefni flóttamanna/hælisleitenda

Sjá lið 5.

9. Húsnæðismál – Efstaleiti 9, Fatasöfnun

Framkvæmdastjóri fór yfir húsnæðismál. Ákvörðun verður tekin í næstu viku varðandi stærra húsnæði fyrir Fatasöfnun. Formaður, framkvæmdastjóri og fleiri funduðu með Reykjavíkurborg í síðustu viku varðandi fyrirhugaðar breytingar á RÚV-reitnum. Formaður og framkvæmdastjóri fengu umboð stjórnar til að skoða stækkun á húsnæðinu í Efstaleiti 9.

Margrét vék af fundi kl. 17.45.

10. Önnur mál

a) Stjórn skrifaði undir umboð fyrir nýjan fjármálastjóra.

b) Formaður greindi frá því að erindi hefði borist frá formanni Vestmannaeyjadeildar um að stjórn mælti með því að Hermann Einarsson, fyrrum formaður deildarinnar, verði sæmdur heiðursmerki Rauða krossins. Formaður gerði tillögu um að Helgi, Ívar og Oddrún mynduðu nefnd til að fjalla um heiðursviðurkenningar fyrir aðalfundinn í maí (þar með talið erindi formanns Vestmannaeyjadeildar) og samþykkti stjórn það. Helgi er formaður nefndarinnar.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 17.55.